

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 1987

18. júní 1987

1271

Nr. 640

REGLUR

um meðferð fjármuna Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen.

1. gr.

Hlutverk Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen er að auka forvarnir á sviði barnaverndar og að upplýsa almenning um stöðu barnaverndarmála. Skal fjármunum sjóðsins einkum varið til útgáfu rita um þetta efni.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen. Skulu tveir stjórnarmanna tilnefndir af Barnaverndarráði Íslands og einn skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Starfstími stjórnarinnar skal vera fjögur ár í senn.

3. gr.

Fjármunir Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen skulu varðveittir á bankareikningi skráðum sem eign Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen þar til þeim verður ráðstafað eins og reglur þessar segja til um. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á meðferð fjármuna þeirra, er varðveittir eru úr sjóðnum. Meirihluta þarf til allra ákvarðana stjórnar um ráðstöfun fjármuna sjóðsins.

4. gr.

Stjórnin skal halda tvíhliða bókhald í samræmi við reglur laga nr. 51/1968 um bókhald og góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

Stjórnin lætur gera ársreikning fyrir hvert almanaksár eða brot úr almanaksári sem stjórnin starfar.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður af stjórninni eigi síðar en 3 mánuðum eftir lok almanaksársins.

5. gr.

Öll meðferð fjármuna Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen, bókhald og reikningsskil skal háð endurkoðun óháðs löggilts endurskoðanda og háð yfirendurskoðun af hálfu Ríkisendurkoðunar eftir því sem Ríkisendurskoðun kann að ákveða.

Endurskoðaðir reikningar Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen skulu sendir menntamálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun, eigi síðar en 4 mánuðum eftir lok viðkomandi almanaksárs.

6. gr.

Heimilt er stjórninni að ráðstafa fé milli ára, en eigi er henni heimilt að fjármagna starfsemi sína með lánum.

Menntamálaráðuneytið, 18. júní 1987.

Sverrir Hermannsson.

Pórunn J. Hafstein.

B 86

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg